

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/503

2022/EES/10/09

frá 3. apríl 2020

um breytingu á ákvörðun 2014/312/ESB í því skyni að framlengja undanþáguna fyrir sinkoxíð til að heimila notkun þess sem rotverjandi stöðgara svo hún taki til „rotvarnarefna fyrir vörur í ílátum“ og rotvarnarefna í „litabykkni“

(tilkynnt með númeri C(2020) 1979) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (1), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að veita megi vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB. Setja skal sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB (2) var komið á viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss.
- 3) Í d-lið 1. liðar í viðbætinum við ákvörðun 2014/312/ESB var sett fram undanþága fyrir sinkoxíð (ZnO, CAS-númer: 1314-13-2), sem er flokkað í hættuflokkana H400, bráð eiturrhif í vatni í 1. undirflokki og H410, langvinn eiturrhif í vatni í 1. undirflokki, vegna notkunar sem stöðgari fyrir rotvarnarefni fyrir þurrfilmu í samsetningum þar sem þörf er á pýrípíónsinki eða 1,2-bensísópíasól-3(2H)-óni (BIT) í styrk sem nemur allt að 0,05%.
- 4) 1,2-bensísópíasól-3(2H)-ón er ekki samþykkt til notkunar sem rotvarnarefni fyrir þurrfilmu í samræmi við viðaukann við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/72/ESB (3). Af þeim sökum þarf að breyta framangreindum d-lið 1. liðar til samræmis við það.
- 5) Nokkrir landsbundnir þar til bærir aðilar, sem veita umhverfismerki ESB, hafa lagt til að núverandi undanþága fyrir sinkoxíð verði framlengd til að heimila notkun þess sem rotverjandi stöðgara svo hún taki einnig til „rotvarnarefna fyrir vörur í ílátum“ og rotvarnarefna í „litabykkni“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB frá 28. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss (Stjttíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 45).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/72/ESB frá 8. febrúar 2010 um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 36).

- 6) Í samræmi við niðurstöður gæðaeftirlits með umhverfismerki ESB (REFIT) frá 30. júní 2017 lagði þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar, ásamt umhverfismerkinganefnd ESB, mat á vægi þessarar breytingar til að tryggja víðtæka upptöku kerfisins fyrir þennan vöruflokk. Einnig var haft samráð við opinbera hagsmunaaðila.
- 7) Á grundvelli tiltækra upplýsinga frá birgjum og framleiðendum málningar er sinkoxíð notað sem stöðgari í málningu og lakk í samsetningu með eftirfarandi tveimur rotvarnarefnum: píriþíónsinki og 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-óni, sem eru notuð til að verja óæskilegum vexti örvera í málningu.
- 8) Sinkoxíð hefur stöðgandi hlutverk í málningu þar sem píriþíónsink og 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón eru notuð sem rotvarnarefni. Sinkoxíð kemur í veg fyrir þá tilhneigingu píriþíónsinks að klóbindast með útskiptum (e. *transchelate*) við aðrar málmjónir, aðallega járn og kalsíum, og mynda litaða flóka sem leiða til óæskilegrar breytingar á lit málningarinnar. Í samsetningu með 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-óni kemur sinkoxíðið í veg fyrir að 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ónið fari úr vatnsfasanum yfir í lífrænan fasa í málningunni (t.d. bindiefnið) og eykur þar með aðgengileika þess í vatnsfasanum þar sem hætta á vexti örvera er meiri. Án sinkoxíðs myndi líftími málningar styttest niður í fáeinar vikur og geymsluþol hennar einnig styttest.
- 9) Samkvæmt ákvörðun 2014/312/ESB er nú þegar leyft að nota píriþíónsink til þrenns konar notkunar: sem rotvarnarefni fyrir vörur í flátum, sem rotvarnarefni í litblöndunarvélur og sem rotvarnarefni fyrir þurrfilmu, í styrk sem nemur allt að 0,05%, og notkun 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-óns er leyfð, í styrk sem nemur allt að 0,05%, í fullunninni vöru sem er tilbúin til notkunar. Því virðist rétt að leyfa einnig notkun stöðgarans sinkoxíðs til sömu notkunar.
- 10) Ef sinkoxíð er notað til að stöðga samsetningar rotvarnarefna fyrir „vörur í flátum“ eða „litþykki“ er búist við minni umhverfisáhrifum en þegar það er notað í samsetningar rotvarnarefna fyrir þurrfilmu (sem fellur nú þegar undir undanþágu samkvæmt núverandi viðmiðunum) þar eð dæmigerður skammtur af píriþíónsinki, þegar það er notað sem rotvarnarefni fyrir þurrfilmu í málningu til notkunar utanhúss, er u.þ.b. 10 sinnum stærri en skammturinn sem þarf í rotvarnarefni fyrir vörur í flátum til notkunar innanhúss.
- 11) Í staðgöngukostum, sem framleiðendur nota, í formi annarra samsetninga rotvarnarefna þar sem ekki er þörf á sinkoxíði sem stöðgara er oftast notað 2-metýl-2-ísóþíasól-3-ón. Samkvæmt þriðju málsgrein 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1480 <sup>(4)</sup> verður 2-metýl-ísóþíasól-3-ón þó flokkað, frá og með 1. maí 2020, m.a. sem húðnæm. 1A með hættusetningarkóðann H317 (getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð). Þetta virkjar einnig hættuflokkunina húðnæm. 1A með hættusetningarkóðann H317 fyrir fullunnar málningavörur þar sem 2-metýl-2-ísóþíasól-3-ón verður notað í styrk sem nemur 15 milljónarhlutum eða meira. Nýjustu vísindarannsóknir sýna að 2-metýl-2-ísóþíasól-3-ón er ekki skilvirkt sem rotvarnarefni ef það er notað í styrkleika sem er undir 15 milljónarhlutum.
- 12) Litið er á píriþíónsink, 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón eða samsetningar þeirra sem aðra vænlega kosti til að koma í staðinn fyrir 2-metýl-2-ísóþíasól-3-ón en öll hugsanleg notkunarsvið útheimta notkun sinkoxíðs.
- 13) Því er ekki tæknilega mögulegt að skipta sinkoxíði út.
- 14) Gögn sem hagsmunaaðilar hafa lagt fram færa sönnur á að til að ná fullnægjandi stöðgun þarf allt að 0,030% af sinkoxíði í samsetningar rotvarnarefna fyrir vörur í flátum og litþykki sem innihalda píriþíónsink en í samsetningar með 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-óni þarf 0,010–0,040% af sinkoxíði.
- 15) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/312/ESB til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1480 frá 4. október 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 (Stjtið. ESB L 251, 5.10.2018, bls. 1).

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*Stök grein*

Í stað d-liðar í viðbætinum við ákvörðun 2014/312/ESB, í liðnum með fyrirsögninni „1. Rotvarnarefni sem er bætt í litgjafa, bindiefni og fullunna vöru“ (Stöðgarar fyrir rotvarnarefni), kemur eftirfarandi:

Efnahópur	Gildissvið takmörkunarinnar og/eða undanþágunnar	Styrkleikamörk (eftir því sem við á)	Mat og sannprófun
„d) Stöðgarar fyrir rotvarnarefni	Sinkoxíð hefur undanþágu vegna notkunar sem stöðgari fyrir:		Sannprófun: Yfirlýsing frá umsækjandanum og hráefnisbirgjum hans.“
	rotvarnarefni fyrir vörur í flátum í samsetningum og rotvarnarefni fyrir litáþykkni í samsetningum þar sem þörf er á pýríþíónsinki með eða án 1,2-bensísópíasól-3(2H)-óns (BIT).	0,030%	
	rotvarnarefni fyrir vörur í flátum í samsetningum og rotvarnarefni fyrir litáþykkni í samsetningum þar sem þörf er á 1,2-bensísópíasól-3(2H)-óni (BIT).	0,040%	
	rotvarnarefni fyrir þurrfilmu í samsetningum þar sem þörf er á pýríþíónsinki.	0,050%	

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Virginijus SINKEVIČIUS

*framkvæmdastjóri.*